



# NAUSTASKÓLI

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

## Aðgerðaáætlun

## Naustaskóla

VEGNA INNLEIÐINGAR BARNASÁTTMÁLANS

2023

Samþykkt af stjórnendum Naustaskóla þann 09.03.2023

**unicef**   
fyrir öll börn

RÉTTINDA  
SKÓLI OG  
FRÍSTUND

## Efnisyfirlit

Réttindaskóli UNICEF .....	4
Réttindaskólar UNICEF og Barnasáttmálinn .....	4
Réttindaskólar UNICEF – hugmyndafræði og hagnýtt verkefni.....	5
Greinargerð vegna stöðumats .....	6
Aðgerðaáætlun.....	9
Naustskóla 2023-2026 .....	9

## Réttindaskóli UNICEF

Réttindaskóli UNICEF (e. Child Right Schools) er hugmyndafræði og hagnýtt verkefni fyrir skóla- og frístundastarf sem tekur mið af samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, Barnasáttmálanum eins og hann er iðulega nefndur, og miðar að því að auka virðingu, vernd og framkvæmd mannréttinda. Skólar (leik- og grunnskólar), frístundaheimili og félagsmiðstöðvar sem vinna verkefnið leggja sáttmálann til grundvallar í öllu starfi sínu; skipulagningu, stefnumótun og starfsháttum.

Markmið Réttindaskóla er að byggja upp lýðræðislegt umhverfi með því að rækta með markvissum hætti þekkingu, leikni og viðhorf sem hjálpar börnum að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í nútímasamfélagi. Með þetta að markmiði eru grunnforsendur Barnasáttmálans útgangspunktur fyrir allar ákvarðanir í skóla- og frístundastarfi auk þess sem þær endurspeglast í samskiptum barna, ungmenna, kennara, frístundaráðgjafa og annars starfsfólks.

[Fjöldi Réttindaskóla UNICEF eru starfræktur víðsvegar](#) um heiminn en UNICEF aðlagar verkefnið hverju landi fyrir sig. Fyrstu Réttindaskólarnir á Íslandi hlutu viðurkenningu árið 2017 og þeim fer hratt fjölgandi.

## Réttindaskólar UNICEF og Barnasáttmálinn

Í Réttindaskólum UNICEF notum við hugtakið heildarskólanálgun (e. Whole School Approach) til þess að skýra hugmyndafræði verkefnisins, en hún skiptist í fjögur skref sem lýsa heildrænni nálgun á innleiðingu réttinda barna í skólastarfið.

Fyrsta skref er að börnin njóti þeirra réttinda að mennta sig.

**AÐ LÆRA ERU RÉTTINDI**

Skref tvö er að börn og fullorðin þekki og læri um réttindi barna.


**AÐ LÆRA UM RÉTTINDI**

Í skrefi þrjú læra börn um réttindi sín í umhverfi sem styður við réttindi þeirra.

**AÐ LÆRA Í RÉTTINDAUMHVERFI**

Lokaskrefið er að börn iðki réttindi fyrir sig sjálf og aðra.

**AÐ LÆRA AÐ IÐKA RÉTTINDI**



# Réttindaskólar UNICEF – hugmyndafræði og hagnýtt verkefni

## Markmið verkefnisins

Skólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar sem innleiða verkefnið vinna að því að ná fimm markmiðum sem byggja á Barnasáttmálanum. Aðgerðaáætlun er unnin út frá markmiðum verkefnisins og gott er að hugsa öll verkefni og aðgerðir út frá því hvernig þær styðja við markmiðin fimm.

Fyrsta markmiðið er að **auka þekkingu á réttindum barna**. Börn og fullorðin þurfa að þekkja Barnasáttmálann og geta tengt hann við skóla og frístundastarf .


Annað markmiðið er **aukið lýðræði**. Starfsfólk þarf að vinna markvisst að því að auka og efla tækifæri barna til þess að hafa raunveruleg áhrif á öll málefni sem þau varða. Starfsfólk tekur tillit til skoðana barna og gefur þeim upplýsingar um ákvarðanir sem teknar eru.

Þriðja markmiðið er að **skapa eldmóð fyrir réttindum barna**. Börn verða að fá tækifæri til að læra um eigin réttindi og réttindi annarra barna, þvert á námsfög. Jafnframt eiga börn og ungmenni að fá þjálfun og hvatningu í því að standa á rétti sínum og til að beita sér fyrir mannréttindum í skólanum, frístundastarfinu og samfélaginu öllu .

Fjórða markmiðið er að **Barnasáttmálinn sé hluti af daglegu starfi**. Barnasáttmálinn þarf að vera rauður þráður í skóla- og frístundastarfi. Stjórnendur vinna með markvissum hætti að því að gera sáttmálann að viðmiði í ákvarðanatöku og hann er grunnurinn að daglegum samskiptum barna, kennara og frístundaráðgjafa. Barnasáttmálinn er einnig notaður sem viðmið þegar skólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar móta stefnur og reglur starfsins.

Fimmta og síðasta markmið verkefnisins er **samstarf út frá þörfum barnsins**. Skólar, frístundaheimili, félagsmiðstöðvar og aðrar stofnanir í nærumhverfi barnsins þurfa að eiga í samstarfi til að tryggja réttindi barna. Samstarfið er þróað með það að markmiði að deila reynslu og efla réttindastarfið. Markmiðið með auknu samstarfi er einnig að vernda réttindi þeirra barna sem þurfa sértækan stuðning með viðeigandi aðlögun.

Þannig er verkefnið Réttindaskóli og -frístund UNICEF bæði hugmyndafræði og hagnýtt verkefni sem miðar að því að auka virðingu, vernd og framkvæmd mannréttinda.



### **Greinargerð vegna stöðumats**

Vorið 2019 hófst Innleiðing **Réttindaskóla Unicefs** í Naustaskóla. Naustaskóli var valinn í það verkefni ásamt öðrum skóla á Akureyri.

Í upphafi var skipuð nefnd sem var að störfum til 2020. Nýr umsjónarmaður tók við að hausti 2020 og voru 2 settir í nefnd með honum. Betur hefði mátt standa að kynningu á þessu verkefni fyrir nýja meðlimi af skólans hálfu og getum við sagt að nú 2 og  $\frac{1}{2}$  ári seinna sé skilningur og lending framundan.

Stöðukönnun var lögð fyrir að vori 2020 í miðjum Covidfaraldri. Henni var ekki fylgt eftir sem skildi. Það er margt sem hafði áhrif á framgang mála í þessari vinnu og vinna í svona stóru verkefni er ekki unnin í tómarúmi. Haustið 2020-2021 er ákveðið að umsjónarmaður fái 1 tíma á viku til að sinna þessu verkefni sérstaklega. Hlé verður á starfinu vegna forfalla 2021 - 2022.

Á þessu skólaári 2022-2023 hefur betri gangur verið í verkefninu. Því má þakka betra utanumhaldi og skýrari leiðarvísi. Innleiðing og eftirfylgni krefst mikillar vinnu og ef vel á að vera þyrfti að fylgja fjármagn inn í skólana og greiða fólki sérstaklega fyrir þessa vinnu.

### **Nemendaréttindaráð**

Réttindaráð var stofnað 2019 og voru 7 nemendur valdir í það en nú er búið að sameina Réttindaráð og Nemendaráð og heitir ráðið því Nemendaréttindaráð og eru 14 nemendur frá 4.-10. bekk, tveir úr hverjum árgangi í ráðinu.

Í upphafi voru fundir óreglulegir en eru nú fastir u.þ.b tvisvar í mánuði. Síðustu fundir hafa verið tileinkaðir aðgerðaráætlun og niðurstöðum Barnapings og er áætlað að þau kynni niðurstöður Barnapings á skólaráðsfundi 9.mars sem og á kennarafundi viku síðar.

### Það sem hefur verið gert:

Haustið 2020 vorum við með **Pemadaga** helgaða Barnasáttmálanum þar sem unnið var m.a að sameiginlegu Réttindatré sem prýðir vegg skólans. Sama haust tók Naustaskóli þátt í myndlistarsamsýningu með 2 öðrum skólum á svæðinu og voru réttindi barna leiðarstef í verkum þeirra.

**Bekkjarsáttmálar** eru á öllum svæðum og eru unnir með nemendum á hverju hausti. Haustið 2022 voru aftur **þemadagar** tileinkaðir Réttindaskólanum sem tókust vel. Þeim lauk með **Barnaþingi** Naustaskóla sem haldið var í tilefni Alþjóðlegs dags barna 20. nóvember.

Fyrir þingið höfðu nemendur í 4.-10.bekk komið með tillögur að umræðuefni og vann nemendaréttindaráðið spurningar úr þeim tillögum, og tengdu við barnasáttmálann. Lagðar voru fyrir 15 spurningar á barnaþinginu. Hver nemandi tók þátt í 5 hringborðsumræðum og voru niðurstöður skráðar af nemendum í 10.bekk sem voru ritarar og fundarstjórar. Nemendur í þessu hlutverki hittu ungmennaráð Akureyrar vikunni á undan þar sem farið var yfir fundarstjórn og ritunartækni. Niðurstöður Barnaþingsins voru síðan flokkaðar af nemendaréttindaráðinu. Það tók nokkra fundi í að gera það og voru loks niðurstöður kynntar fyrir skólastjóra 3. feb. 2023.

Búið er að festa í sessi **grein mánaðarins** sem ætlast er til að sé unnið með á hverju námssvæði. Nemendaréttindaráð útbjó **hugmyndakassa** sem stóð lengi frammi við matsal en fékk ekki frið þar og var ákveðið að koma kassanum fyrir hjá ritara en hann þarf að vera sýnilegri nemendum svo það þarf að finna honum betri stað.

Inni á bekkjarsvæðum er kassi fyrir mál á dagskrá og er hann óspart notaður fyrir bekkjarfundi.

Barnasáttmálavinna er markvisst notuð inn í hringekju á 4.-5.b og er það til fyrirmyndar hve þessu er haldið á lofti hjá þeim og bindum við vonir að vinna með barnasáttmálann verði markvissari hjá öllum öðrum árgöngum og er það eitt af markmiðum aðgerðaráætlunarinnar.

### Stöðumat 2020/2022

Eftir stöðumatið 2020 var akkur lagður í að koma upp **barnasáttmála-plakötum** út um allan skóla. Þemadagar voru haldnir en eftir það dró verulega úr vinnunni og má að miklu leyti kenna covid um það og á tímabili fór orkan í skólastarfinu í að halda starfseminni gangandi dag frá degi.


Stöðumat var lagt fyrir **haustið 2022**. Nemendaréttindaráð hefur hist og farið yfir þær niðurstöður, Niðurstöður koma yfirleitt betur út en í fyrra skiptið en betur má ef duga skal.

Nemendaréttindaráð kom sér saman um að hafa aðgerðaráætlunina einfalda og byggir hún á grundvallarþáttum sem þurfa að vera í lagi hjá Réttindaskóla og því líklegri að hún komist öll til framkvæmda auk þess sem mikill tími fór í að undirbúa

Barnaþingið og vinna úr því eftir á. Málefni á barnaþinginu verða líka sett upp í formi aðgerðaráætlunar og því verður líka fylgt eftir. Niðurstöður Barnaþingsins vörðuðu marga þætti skólastarfsins þ.á.m. bókasafnið, matarsóun, skólalóð, samskipti og virðingu, matsalinn og matinn, vinnufrið, fordóma, skólasund, fótboltavöll, þemadaga og valgreinar. Það var farið um víðan völl, eiginlega of víðan og erum við reynslunni ríkari og okkar mat að betra sé að afmarka umræðupunkta á næsta þingi. Ef við náum að fylgja þeim tillögum eftir þá megum við vera ánægð með okkur.

## Aðgerðaáætlun

### Naustskóla 2023-2026



Hér að neðan verða teknar saman þær aðgerðir sem réttindaráð verkefnisins hefur forgangsraðað og mynda aðgerðaáætlun Naustaskóla vegna innleiðingar Barnasáttmálans 2023-2027

Aðgerðaáætlun þessi byggir á niðurstöðum stöðumats og verður sú tenging sérstaklega tilgreind undir hverri og einni aðgerð (hvað og af hverju). Ábyrgðaraðili (hver) er tilgreindur fyrir hverja aðgerð en hann ber ábyrgð á að aðgerðinni verði komið í framkvæmd innan ákveðins tímaramma (hvenær). Einnig skal taka fram hvernig framkvæma á aðgerðina (hvernig). Tekið er fram hvaða greinum Barnasáttmálans aðgerðin tengist sérstaklega. Einnig má tilgreina þau heimsmarkmið sem eiga við um aðgerðina. Þá þarf að taka fram hvaða markmið Réttindaskóla eiga við um hverja aðgerð.

Allar aðgerðir skóla, frístundar og félagsmiðstöðvar skulu koma hér fram.

Mikilvægt er að taka það fram að aðgerðaáætlun þessari er ekki ætlað að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eins og hann leggur sig enda er það verkefni sem lýkur aldrei.

### Aðgerðaráætlun

#### **1. Hvað: Fræða nemendur og starfsfólk um Barnasáttmálann og fyrir hvað hann stendur**

**Hver:** Skólastjórn, umsjónarkennarar, aðrir kennarar og starfsfólk, nemendaréttindaráð.

**Hvernig:** Í starfsáætlun Naustaskóla komi skýrt fram að unnið sé eftir markmiðum Réttindaskólans. Markmiðið er að samþætta réttindafræðslu inn í allar námsgreinar þannig að það sé ekki einungis bundin þema og uppbrotsdögum.

Mikilvægt er að setja inn í kennsluáætlanir markmið tengd réttindaskólanum.

Skólastjórnendur fylgi þessu eftir á kennarafundum og teymisfundum.

Nemendaréttindaráð með kynningu á sínu starfi.

Fá fræðslu frá Unicef á starfsmannafundi.



**Hvenær:** vinna þessi hófst haustið 2019 þegar Naustaskóli byrjaði innleiðingarferlið og þessari vinnu lýkur aldrei.

**Síðan innleiðing hófst:**

- Plaköt barnasáttmálans mjög sýnileg.
- Tvisvar verið haldnir þemadagar helgaðir réttindum barna.
- Myndlistarsýning í Hofi, þar sem réttindi barna voru í forgrunni.
- Barnþing var haldið í nóvember sl. þar sem tillögur frá nemendum voru ræddar og komist að niðurstöðum sem á að fylgja eftir.
- Bekkjarsáttmálar alls staðar.
- Hugmyndakassi
- Grein mánaðarins
- Regnbogafáninn að hún í haust '22(en því miður skorinn niður og skemmdur)
- Stórþing ungmenna í Hofi feb 2023

**Tenging við markmið Réttindaskólans:** að gera barnasáttmálann hluta af daglegu starfi allra innan skólans. Barnasáttmálinn þarf að vera rauður þráður í skólastarfinu og eiga stjórnendur að vinna með markvissum hætti að því að gera sáttmálann að viðmiði í ákvarðanatöku og hann á að vera grunnurinn að daglegum samskiptum barna við alla innan skólans.

**Greinar**



**2. Hvað : Bæta aðgengi fatlaðra að Wc**


**Hver:** Húsvörður

**Hvernig:** tæma salerni ætluð fötluðum af geymsludóti svo hægt sé að nýta sem skildi.

**Hvenær:** maí 2023

**Tenging við markmið Réttindaskólans:** Markmið er að vernda réttindi þeirra barna sem þurfa sértækan stuðning með viðeigandi aðlögun og ekki sé heftur aðgangur að grunnþörfum fatlaðra einstaklinga og sjálfstæði þeirra sé ekki skert.

**Greinar:**



---

### **3. Hvað: Breyta fatahengi hjá 6.-9. b**

**Hver:** Skólastjórnendur og húsvörður

**Hvernig:** Gera fatahengið aðgengilegra þannig að þægilegra sé að ganga þar um og nemendur geti verið öruggari og geymt dótið sitt vitandi að þeir komi að því aftur. Nemendur kvarta yfir því að klæðnaður sé færður til. Svæðið er dimmt og þröngt og breyta þarf uppsetningu

**Hvenær:** Ágúst 2023

**Tenging við markmið Réttindaskólans:** Starfsfólk tekur tillit til skoðana barna og vinnur markvisst að því að auka og efla tækifæri barna til þess að hafa raunveruleg áhrif á öll málefni er þau varða. Að börn upplifi öryggi í umhverfi sínu og hlustað sé á raddir þeirra og brugðist við því.

**Greinar:**



#### **4. Hvað : Uppfæra jafnréttisáætlun og kynna fyrir öllum.**

**Hver:** Stjórnendur

**Hvernig:** Stjórnendur yfirfara jafnréttisáætlun og kynna á bekkjarfundum og á starfsmannafundum og hafa aðgengilega á heimasíðu skólans

**Hvenær:** september 2023

**Tenging við markmið Réttindaskólans:** skapa eldmóð fyrir réttindum barna

**Greinar:**



#### **5. Hvað: Réttindaskólinn með pláss á heimasíðu Naustaskóla svo foreldrar og forráðamenn séu meira með á nótunum**

**Hver:** Skólastjórnendur og umsjónarmenn verkefnisins

**Hvernig:** Hafa lifandi heimasíðu. Að setja upp skilmerkilega texta og myndir frá innleiðingarferlinum fundum og fl. sem er uppfært reglulega.

Hvenær: klárt í maílok 2023

**Tenging við markmið Réttindaskólans:** Auka þekkingu á réttindum barna. Auka samstarf við foreldra og þá sem að börnum koma. Börn og fullorðnir þurfa að þekkja Barnasáttmálann og geta tengt hann við skóla og frístundastarf.

**Greinar:**



## Samantekt

### Helstu áherslur í aðgerðaráætlun:

1. Má það helst nefna **réttindi og skyldur**. Mikilvægt er að öllum sé ljóst sem starfa í grunnskólum að barn missir ekki réttindi sem falla undir Barnasáttmálann og barnið þarf ekki að uppfylla skyldur til að eiga réttindi sín en það þarf að sjálfsögðu að virða réttindi annarra sem og allt fólk á að gera. Það er mikilvægt að koma þessu inn í aðgerðaráætlun og samþætta Barnasáttmálann við aðrar námsgreinar því fræðsla er lykilatriði og eyðir fordómum og eykur líkur á að Barnasáttmálinn sé sýnilegur í öllu starfi, hegðun og atferli fullorðinna jafnt sem barna.
2. Aðgengi í Naustaskóla er frekar gott. Stór og opinn skóli. **Aðgengi fatlaðra** að salerni hefur hins vegar ekki verið til fyrirmyndar síðustu ár, eftir að fatlaður nemandi útskrifaðist. Þá breyttust allt í einu 3 wc á jarðhæð í geymslur. Þetta er alls ekki til fyrirmyndar og því tilvalið að koma þessu í áætlunina.
3. **Jafnréttisáætlun** skólans hefur ekki verið yfirfarin síðan 2021 og er það næsta mál á dagskrá aðgerðaráætlunarinnar. Jafnréttisáætlun skólans ber að yfirfara með hliðsjón af barnasáttmálanum og auk þess að breyta þarf orðalagi í takt við tímann sér í lagi kynjaumræðu. Skv. stöðukönnun virðast nemendur ekki þekkja til jafnréttisáætlunar né vita að hún eigi að vera til staðar yfir höfuð.

4. **Heimasíða Naustaskóla** er andlit skólans út á við. Það hefur ekki gengið eftir að koma fréttum af innleiðingarferlinu inn á heimasíðuna og þarf að koma því í betra horf. Nú hefur það verið sett inn í aðgerðaráætlun og markmiðið er að vinna að þessu mánaðarlega með myndum og fréttum svo skólasamfélagið, foreldrar og allir sem að börnum skólans koma viti hvað er á döfinni.

5. Nemendur í 6.-9.b. kvörtuðu mikið yfir **fatahengi** skólans. Þeim finnst það þröngt og dimmt auk þess sem fatnaður fer á flakk og týnist jafnvel. Það þarf að breyta þessu. Hvernig er enn ekki alveg á hreinu en þetta þarf að laga.

#### **Hugleiðingar umsjónarmanns:**

Þegar valið var inn í nefndina aftur eftir að fyrri umsjónarmaður hætti ásamt fleirum, árið 2020, var einn eftir í nefndinni, íþróttakennari. Vorum við tvær beðnar, myndmenntakennari og heimilisfræðikennari að taka sæti. Ég tel mikilvægt að í nefndinni sé fólk með mismunandi hlutverk í skólanum svo sem umsjónarkennari sem kemur að daglegum samskiptum við nemendur og foreldra. Til að starfið í nefndinni sé skilvirkt er nauðsynlegt að hafa virkan stjórnanda allan tímann en svo var ekki. Það hefur verið mikil hreyfing á fólki í nefndinni vegna forfalla, fólk hættir ofl. sem hefur áhrif á starfið. Aðeins eru tveir aðilar sem hafa verið í nefndinni frá hausti 2020, en 8 manns hafa komið og farið á tímabilinu 2020 - 2023.

Það er einnig nauðsynlegt að upplýsingar er snerta þessi mál fari á milli aðila sem eru að vinna að velferð barna og réttindum þeirra, má þar nefna sveitafélagið Akureyri og félagsmiðstöðina Rósenborg. Upplýsingaflæði og samvinnan þarf að vera miklu meiri.

Þegar skólar ráðast í svona verkefni þarf hugarfarið að fylgja með. Það þarf áhugasaman mannskap og fleiri en færri. Þetta á ekki að vera enn ein líflaus og innihaldslaus skrautfjöldur í hattinn heldur á þessu að fylgja trú, von og kærleikur börnum til handa í verki sem og hugsun.

Þetta er að hafast og við sjáum glitta í ljósið við enda ganganna.